

Starfsleyfi fyrir Spilliefnamóttöku Hringrásar Klettagörðum, 104 Reykjavík.

Kt. 420589-1319

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða: lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir **Hringrás h.f.**, kt. 420589-1319, að Klettagörðum 9, vegna móttöku, flokkunar og pökkunar spilliefna og annarra úrgangsefna sem þurfa sérstaka meðhöndlun og forvinnslu fyrir endurvinnslu eða förgun. Komi nýr aðili að rekstri staðarins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Hringrás h.f. er hér eftir nefnd rekstraraðili í starfsleyfi þessu.

1.2. Umfang starfsemi

Heimilt er að meðhöndla allt að 1000 tonn af hvers konar spilliefnum á ári. Einnig er heimiluð meðferð annarra úrgangsflokka, svo sem:

- Sóttmengaður úrgangur.
- Rafeindatæki/heimilistæki.
- Hjólbarðar.

1.3. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal í samvinnu við fyrirtæki og sveitarstjórn upplýsa almenning um möguleika á endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Í samræmi við stefnu stjórnvalda skal markvisst unnið að nýtingu úrgangs, t.d. með endurnotkun eða endurnýtingu þ.e. orkuvinnslu, endurvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Þetta á þó ekki við um öll spilliefni, t.d. halóna og kvikasilfur, þegar lög og reglur krefjast sérstakra aðgerða. Ákvarðanir um meðferð slíkra úrgangsefna skulu teknar í samráði við eftirlitsaðila. Dregið skal úr útflutningi spilliefna eftir því sem kostur er.

1.4. Mengunarvarnir

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

1.5. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. grein 3.4 til þess að fyrirbyggja að mengunin valdi skaða á umhverfinu. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari

aðgerða. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þegar hætta er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar.

1.6. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum, svo sem umsýslu nýrra flokka úrgangsefna, með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

1.7. Gangsetning/stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila fyrirfram hvenær móttaka hvers flokks úrgangsefna hefst. Óheimilt er að hefja móttöku fyrr en eftirlitsaðili hefur tekið út aðstöðu, yfirfarið verkferla og annað er varðar meðhöndlun hvers flokks spilliefna á svæði rekstraraðila. Verði rekstri hætt varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnunum og búnaði sem farga þarf sé fargað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan þriggja mánaða um ráðstafanir sem gerðar hafa verið. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs, sbr. gr. 3.5, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri stöðvarinnar.

1.8. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Verði mengun af völdum starfseminnar meiri en búast mátti við, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða breytingar verða á bestu fáanlegu tækni skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um úrbætur. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Skráning úrgangs

Skrá skal magn og gerð úrgangs sem tekinn er til meðferðar í samræmi við reglugerð nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

2.2. Magn spilliefna á svæðinu

Ávallt skal leitast við að halda magni spilliefna á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki. Spilliefni skulu send til förgunar eða endurvinnslu við fyrsta hentuga tækifæri.

2.3. Meðhöndlun spilliefna

Athafnasvæði rekstraraðila þar sem spilliefni eru meðhöndluð og geymd, skal vera lagt bundnu yfirborðslagi, steypu eða malbiki. Spilliefni sem kunna að leysast upp í vatni og hafa óæskileg áhrif á efnasamsetningu frárennslis, svo sem blý, skulu meðhöndluð þannig að þau blotni ekki.

2.4. Hreinsibúnaður

Búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að leka út eða misfarast skulu jafnan vera til reiðu, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum.

2.5. Fráveita

Fráveita frá húsum og plönunum þar sem spilliefni eru meðhöndluð eða geymd skal vera lokuð. Öll spilliefni sem kunna að fara niður skal fanga í söfnunarþrær þannig að hægt sé að endurheimta þau. Ef nokkur grunur er um að spilliefni hafi borist í söfnunarþró, skulu gerðar sérstakar efnamælingar á innihaldi þróarinnar fyrir losun. Frárennslisvatni sem stenst ekki kröfur sbr. grein 2.7 eða inniheldur önnur spilliefni, skal ekki fargað nema að höfðu samráði við eftirlitsaðila.

2.6. Söfnunarþrær

Söfnunarþrær skulu tæmdar eftir þörfum en ætíð skal vera laust a.m.k. 3 m³ rými í þeirri þró sem þjónar jafnframt sem öryggisþró fyrir tanka undir olíuúrgang og lífræn leysiefni. Skrá skal vökvamagn í viðkomandi söfnunarþró fyrir tæmingu. Fylgst skal með efnainnihaldi frárennslisvatnsins, sbr. grein 3.2.

2.7. Losunarmörk í frárennslis

Frárennslisvatn skal standast eftirfarandi kröfur um hámarksefnainnihald:

Efni	Styrkur (mg/l)
Kvikasilfur	0,05
Kadmíum	0,1
Blý	0,1
Nikkel	1,0
Kopar	0,5
Króm	0,5
Silfur	0,1
Sínk	2,0
Arsen	0,5
Fita og olía	15,0
BTEX (heildarmagn bensen, toluen, etýlbensens og xylen)	5,0
AOX (Absorbable Organic Halogen)	1,0
pH	2,0 – 11,5

2.8. Öryggisherbergi

Öryggisherbergi skal vera fyrir hendi til geymslu sprengifimra efna og einnig aðstaða til meðhöndlunar mjög hættulegra efna. Sjá nánar grein 4.1.

2.9. Frágangur tanka

Frágangur á tönkum og leiðslum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.10. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá stöðinni og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 933/1999, um hávaða.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS OG VÖKTUN

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- Magn og gerð spilliefna og annars úrgangs sem tekið er á móti
- Magn og gerð spilliefna og annars úrgangs sem send eru frá fyrirtækinu
- Upplýsingar um uppruna spilliefnanna og hvað um þau verður
- Yfitlit um flutning úrgangs og förgunar- og endurvinnsluleiðir sem nýttar eru
- Upplýsingar um magn spilliefna sem forunnin eru innan fyrirtækisins, t.d. með eimingu framköllunarvökva
- Staðfesting á förgun eða endurvinnslu úrgangs
- Rekstur frárennsliskerfisins
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

Rekstraraðili skal taka saman framangreindar upplýsingar og senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert.

3.2. Eftirlitsmælingar

Taka skal dæmigerð sýni af frárennslisvatni sbr. grein 2.5, og mæla a.m.k. árlega með tilliti til allra þeirra þátta sem tilteknir eru í grein 2.7. Taka skal sýni fjórum sinnum á ári og mæla með tilliti til þátta sem mælast yfir 90% af þeim mörkum sem tiltekin eru í grein 2.7. Um sýnatöku og varðveislu sýna skal haft fullt samráð við þá rannsóknastofu sem sér um mælingar á sýnum. Minnsta magn sem hægt er að greina með þeim aðferðum sem notaðar eru til efnagreininganna (greiningamörk) má hæst vera 1/10 af þeim viðmiðunargildum sem fram koma í grein 2.7.

3.3. Samráðsfundur

Rekstraraðili skal á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Þessir aðilar geta þó boðið oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur móttökustöðvarinnar, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða.

3.4. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun vegna þeirra efna sem eru til staðar á hverjum tíma. Einnig skulu vera til staðar viðbragðsáætlanir vegna flutnings spilliefna til og frá stöðinni. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eiginleikum þeirra efna og hættu við meðferð þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

3.5. Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði rekstraraðila til að fara eftir, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri móttökustöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihald tillögur um meðferð úrgangs þann tíma sem móttökustöðin er ekki í notkun.

3.6. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður mælinga og skráninga sbr. gr. 3.1 og 3.2.

3.7. Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila árlega niðurstöðum þess til Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um græn reikningsskil. Heimilt er að skila yfirliti samkvæmt grein 3.1 og grænu bókhaldi saman í einni skýrslu.

3.8. Annað

Rekstraraðili skal ábyrgjast og kosta framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir. Niðurstöður mengunarmælinga skal senda Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd þegar þær liggja fyrir.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi aðila, en verður undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi móttökustöðvarinnar veldur, þ.m.t. varðandi starfshætti, meðferð úrgangsefna, efnisnotkun og meðferð frárennslis. Útbúa skal verklagslýsingar um eftirfarandi þætti starfseminnar:

- Móttöku, meðhöndlun og geymslu spilliefna
- Móttöku, meðhöndlun og geymslu mjög hættulegra efna
- Geymslutíma spilliefna og magn spilliefna í geymslu
- Umgengni um búnað, þ.m.t. hreinsun á tækjum og umbúðum
- Eftirlit með mengunarvarnabúnaði
- Þjálfun nýrra stafsmanna

4.2. Umhverfismarkmið

Hringrás h.f. skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996, þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.3. Umhverfi

Halda skal athafnasvæði fyrirtækisins snyrtilegu. Það skal vera girt með öryggisgirðingu. Öryggisgæsla skal vera á svæðinu allan sólarhringinn. Fara skal þannig með allan úrgang, við alla meðferð, að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

4.4. Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

4.5. Verktakar

Verktakar sem annast meðhöndlun úrgangs fyrir rekstraraðila skulu hafa tilskilin leyfi.

4.6. Annað

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt tiltækt á **vinnustað**.

5. GJALDSKYLDA

Starfsleyfi þessi er flokkuð skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til **1. nóvember 2017**.

Reykjavík 16. nóvember 2005

Umhverfisstofnun